

**12. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
13. ágúst 2020, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson og Bragi Þór Thoroddsen.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Aðalgata 1, bátaskýli - 2007003

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Kolbeinseyri ehf dags 9. júlí 2020 þar sem óskað er heimildar til að reisa bátaskýli á plani við Aðalgötu 1, Súðavík ásamt stækkun lóðarinnar. Fyrir liggur umsögn Veðurstofu Íslands dags. 01.07.2020.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í grenndarkynningu á lóð við Aðalgötu 1 sbr. 1 mgr. 44. gr. Skipulagslaga. Byggingarfulltrúa falið að gera nýjan lóðarleigusamning.

Samþykkt

2. Eyði í Seyðisfirði - 2006007

Tekið fyrir bréf frá Björgvin Bjarnasyni ódagsett þar sem sótt er um leyfi fyrir smáhýsi á landi jarðarinnar Eiði í Súðavíkurhreppi. Talið er að smáhýsið falli að öllu leyti undir g lið í grein 2.3.5 í byggingarreglugerð.

Smáhýsið var byggt fyrir gildistöku núverandi byggingarreglugerðar og því gilda 15 fermetra stærðarmörk ekki.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir teikningum af smáhýsinu.

Samþykkt

3. Sveinshús - 2005007

Lagt fram til kynningar umsögn Minjastofnunar Íslands vegna niðurrifs Sveinshúss.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

4. Eignarhald á Tröð IV - 1212002

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar Tröð IV. Erindið var á fundi nefndarinnar þann 12. júní 2020 en var frestað til næsta fundar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stærð og legu lands og leggur til við sveitarstjórn að gefið verði út afsal með þeirri sömu kvöð og er á landinu vegna Aðalgötu 34, sbr yfirlýsingu frá 1. jan 2000.

Samþykkt

5. Smáhýsi við Vallargötu 8 - 2008001

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 23. júní 2020 frá Ingibjörgu J. Friðbertsdóttur þar sem

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar
13.08.2020

gerð er athugasemd við staðsetningu smáhýsis við Vallargötu 8. Smáhýsið er á lóðarmörkum og ekkert leyfi hafi verið fengið frá lóðarhöfum við Vallargötu 6. Óskað er eftir að eigendum verði gert að flytja smáhýsið þannig að það samræmist ákvæðum byggingarreglugerðar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að ræða við húseiganda við Vallargötu 8.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 16:15.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Þorbergur Kjartansson